



Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstöðum

Dagsetning 10. desember 2024
Málsnúmer FOR24120036

Umsókn um stofnun fasteignar (þjóðlendu), sbr. 14. gr. laga um skráningu, merki og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Heiti fasteignar: Suðurhluti Eyvindarárdals, ásamt Skagafelli, Tungudal og Svínadal.

Landsvæði það sem hér óskast stofnað er þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2022, dags. 5. nóvember 2024. Um hana fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

Landeigandi: Íslenska ríkið, skv. 2. gr. laga nr. 58/1998.
Fyrirsvarsmaður: Forsætisráðherra skv. d-lið, 7. tölul. 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 6/2022 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.
Kennitala: 540269-6459.

Skýring og fyrirvarar:

Land innan eftirfarandi marka, þ.e. Suðurhluti Eyvindarárdals, ásamt Skagafelli, Tungudal og Svínadal er þjóðlenda:

Upphafspunktur er þar sem Slenjudalsá rennur í Eyvindará (1) og ræður Slenjudalsá norðaustur að landamerkjavörðu á Slenjudalshálsi, sunnan árinna (2). Þaðan er farið beina stefnu austur á Slenjufjall (2a) og eftir vatnaskilum á Slenjufalli austur að vatnaskilum gagnvart Norðfirði (3). Þaðan suður eftir vatnaskilum á Fönn (4) og þá eftir vatnaskilum milli Tungudals og Eskifjarðar vestur á Tungufell (5) og þaðan suður á Hrævarskörð (6). Frá Hrævarskörðum er vatnaskilum (6a) milli Svínadals og Eskifjarðar og svo Svínadals og Reyðarfjarðar fylgt á Svínadalssvölp (7) og þaðan áfram vestur á Skagafell í Njörvadalsárdrög. Þaðan er vatnaskilum á Skagafelli og á Fagradal fylgt í Fagradalsá (8). Henni er svo fylgt norður þar til hún rennur í Eyvindará (9) en þaðan er Eyvindará fylgt suðaustur (9a) í upphafspunkt (1).

Fyrir hönd ráðherra eftir umboði

Regína Sigurðardóttir

Fylgiskjöl: Útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2022, dags. 5. nóvember 2024.
Landspildublað (uppdráttur) sem sýnir afmörkun þjóðlendunnar, Suðurhluti Eyvindarárdals, ásamt Skagafelli, Tungudal og Svínadal, dags. 6. desember 2024.